

Alþingi
Erindi nr. Þ 121, 2002
komudagur 23.4.2002

Alþingi v/ Austurvöll.
Sjávarútvegsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Húsavík 22 apríl 2002.

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um hvalveiðar, þskj.1047 – 648 mál.

Ég þakka Sjávarútvegsnefnd fyrir það tækifæri að fá senda inn athugasemdir við frumvarp til laga um hvalveiðar.

Frumvarpinu virðirst fyrst og fremst ætlað að breyta ákvörðunarferlinu varðandi takmörkun á hvalveiðum hér við land, þ.e. að Sjávarútvegsráðherra geti ekki hafnað eða frestað ákvörðun um að hefja hvalveiðar. veiðar verði því öllum heimilaðar sem uppfylla skilyrði til að stunda fiskveiðar hér við land, ákvörðun um veiðar skuli aðeins fara eftir tillögum Hafrannsóknarstofnunar varðandi hvalategundir og fjölda hvala.

Ég tel mjög varhugavert að skerða með þessum hætti völd Sjávarútvegsráðherra. Við ákvörðun um nýtingu fiskistofnanna og úthlutun veiðiheimilda er það ráðherra sem fer með ákvörðunarvaldið, ekki Hafrannsóknastofnun. Það sama hlýtur að gilda um aðrar auðlindir sjávar.

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að með breytingum á lögnum nr.26 frá 1949 komi alþjóðalög ekki til með að ganga framur íslenskum lögum varðandi hvalveiðar. Ég tel fullvist að meirihluti aðilarríkja alþjóðahvalveiðiráðsins muni telja að slíkt athæfi brjóti í bága við skuldbindingar Íslands samkvæmt Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna, einkum 65.gr. samningsins. - sjá m.a. greinargerð frá 6 október 1993 eftir þá Gunnar G. Schram, prófessor og Davíð Þór Björgvinsson dósent, sem unnin var fyrir forsætisráðuneytið. Þar kemur fram á bls. 23, „... að með aðild sinni að Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna hafi Íslendingar skuldbindið sig til að vinna að verndun og stjórnun á hvalastofnunum í samstarfi við aðildarþjóðir sáttmálans innan vébanda viðeigandi alþjóðastofnunar.“ Það verður því að teljast heldur hæpið að einhliða ákvörðun íslenskra stjórnvalda um hvalveiðar standist alþjóðalög.

Í greinargerð kemur fram að flutningsmenn telja að búið sé að kynna málstaðinn erlendis, enda hafi verið ákveðið að verja rúmum 83 milljónum til verkefnisins á fjórum árum. Hvað sem því líður hefur afstaða okkar helstu viðskiptalanda hefur ekkert breyst undanfarn ár og ekkert liggur fyrir að afstaða þeirra komi til með að breytast á komandi árum. Spurja má hvort það fé sem þegar hefur verið lagt í kynningu á „málstað Íslendinga“, eins og það er orðað í greinargereð með frumvarpinu, sé ekki glatað.

Í greinargerðinni er mestu þúðri eytt í umfjöllun um „meint“ áhrif hvala á fiskistofnana. Fjölmargir vísindamenn, bæði innlendir og erlendir hafa lagt fram gögn sem hrekja slíkar fullyrðingar. (sjá m.a. meðfylgjandi gögn) Á síðasta fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins var samþykkt að láta fara fram heildarúttekt á „meintu“ afráni hvala og legg ég til að beðið verði eftir þeim niðurstöðum áður en frekari umræður um málefnið fara fram á Alþingi.

Ég mæli því eindregið á móti öllum breytingum á núverandi lögum og reglugerðum varðandi hvalveiðar og tel að Alþingismenn ættu frekar að skoða þá jákvæðu nýtingu á hvalastofnunum sem fram kemur í meðfylgjandi greinargerð.

Með vinsemd og virðingu



Ásbjörn Björgvinsson